

Hlíð Ferðapjónusta  
Hraunbrún  
660 Mývatn

Reykjavík, 31. október 2023  
UST202309-084/P.V.B.  
09.04.00

### Efni: Leyfi til framkvæmda á friðlýstum svæðum

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Lilja Sigríður Jónsdóttir, dagsett 7. september 2023, um leyfi til framkvæmda innan verndarsvæðisins við Mývatn og Laxá.

Mývatn og Laxá í Suður-Pingeyjarsýslu eru vernduð skv. [lögum nr. 97/2004](#) um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Pingeyjarsýslu. Markmið laganna er að varðveita líffræðilega fjölbreytni, jarðmyndanir og landslag svæðisins. Samkvæmt 17. gr. [reglugerðar nr. 665/2012](#) um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Pingeyjarsýslu skal leita leyfis Umhverfisstofnunar fyrir hverskonar framkvæmdum og hvers konar starfsemi á verndarsvæðinu sem getur haft áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag svæðisins.

### Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til að betrumbæta snyrtingar- og baðaðstöðu, skipta út smáhýsum ásamt því að búa til skjólvegg við sorpgáma. Með umsókn fylgdu kort og teikningar sem sýna staðsetningu núverandi og fyrirhugaða staðsetningu mannvirkja, framkvæmdarsvæði, byggingarreiti og hönnun mannvirkja. Til stendur að fjarlægja snyrtingar á byggingarreit D1 á syðra hluta tjaldssvæðisins. Í staðin er ráðgert að setja þar 58 m<sup>2</sup> snyrtingahús sem í dag stendur á þjónustusvæðinu á reit C1. Jafnframt yrði baðhús í reit C1 fjarlæggt og í staðin byggt sameiginlegt snyrtingar- og baðhús í reitnum. Ekki stendur til að fjölga gistinóttum á tjaldstæðinu með þessum breytingum á snyrti og baðaðstöðu. Eingöngu væri verið að bæta aðstöðu fyrir þann fjölda sem nýta tjaldstæðið í dag. Núverandi smáhýsi sem til stendur að fjarlægja eru 6 talsins og hvert þeirra fyrir 2 persónur og 9 m<sup>2</sup>. Í stað þeirra kæmu 4 hús sem væru 18,8 m<sup>2</sup> hvert og ætluð fyrir 2 aðila. Sorpgámar sem skjólveggur verður settur upp við eru staðsettir á við/bílaplan. Fyrirhugaðar framkvæmdir eru í samræmi við deiliskipulag. Framkvæmdir færu fram á árunum 2024-2025.

### Umsagnir:

Í samræmi við 17 gr. reglugerðar nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Pingeyjarsýslu óskaði Umhverfisstofnun umsagnar Náttúrurannsóknarstöðvarinnar við Mývatn og Náttúrufræðistofnunar Íslands þann 28. September 2023 vegna framkvæmdarinnar. Engin umsögn barst frá Náttúrurannsóknarstöðinni við Mývatn. Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands barst þann 9. október 2023. Í umsögn Náttúrufræðistofnunar kemur fram að hún hafi kynnt sér fyrirhugaðar framkvæmdir og gerir ekki athugasemdir við þær.

### Áhrifamat:

Umhverfisstofnun telur að framkvæmdinn hafi óveruleg áhrif á verndarsvæðið. Fyrirhugaðar framkvæmdir eru á þegar röskuðu svæði þar sem tjaldstæðarekstur hefur verið til margra ára. Stofnunin telur því að framkvæmdin mun ekki stefna verndargildi eða náttúrufari svæðisins í hættu.

### **Skilyrði:**

Umhverfisstofnun veitir Hlíð Ferðaþjónusta fyrir sitt leyti leyfi fyrir framkvæmdum innan verndarsvæðisins við Mývatn og Laxá sbr. lýsingu hér að ofan. Framkvæmdir skulu vera hafnar innan árs frá dagsetningu þessa bréfs og gildir leyfið til 31. desember 2025 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Virða skal umgengisreglur sem gilda um svæðið.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Vanda skal frágang að verki loknu. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast.
- Umsækjanda ber að tryggja viðhald mannvirkjana og ef notkun þeirra er hætt skulu þau fjarlægð.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask utan framkvæmdarsvæðis og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Þess skal gætt við akstur utan vega að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu raski á jarðvegi og gróðri.
- Uppsetning og tenging við fráveitukerfi fari fram í samræmi við reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi sveitarfélags þarf fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

**Eftirlit:**

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst

Inga Dóra Hrólfsdóttir

***sviðsstjóri***

Dagbjört Jónsdóttir

***sérfræðingur***